

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	5.9.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Fulltrúi UST	Svanfríður Dóra Karlsdóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Örn Guðmundsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en ein athugasemd var gerð hvað varðar afmörkun svæðis sem notað er til hráefnisgeymslu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Farið var yfir hreinskröfur á frárennsli í starfsleyfi. Ekkert frárennsli kemur frá verksmiðjunni ef frá er talið frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Allt affalsvatn er leitt í lokað endurnýtingarkerfi. Öll olúskipti á vélum fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Skv. gr. 3.1. í starfsleyfi skulu mengunarmælingar í útblæstri fara fram annað hvert ár. Mælingar voru gerðar árið 2011 og skal því gera mælingar aftur nú í ár. NMÍ er væntanlegt nú í september til að taka þessar mælingar. Amín hvatar eru ekki notaðir í bindiefnablöndurnar svo engar mælingar eru gerðar á Amín í útblæstri.

Minnt er á skráningar skv. gr. 3.2. í starfsleyfi.

Búið er að skila inn Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi og ekki gerðar athugasemdir þar.

Farið var yfir sorpmál og jarðgerð. Enginn úrgangur er sendur í urðun á vegum fyrirtækisins. Afgangsefni og gjall er mulið og endurnýtt, afskurður er seldur til Svíþjóðar og steinull til siunar á útblæstri er jarðgerð á lóð fyrirtækisins. Jarðgerðin hefur farið vel af stað og beðið er eftir niðurstöðum greiningar moltusýna til að sjá hvort moltan standist þá gæðastaðla sem gerðir eru til hennar sem söluvöru Bent er á að athuga þarf hvort sú aðstaða sem notast er við í dag sé starfsleyfisskild frá Heilbrigðiseftirliti. Verið er að vinna við yfirbyggingu á gjallmöluninni og er stefnt að loka þeirri byggingu fyrir veturinn.

Verið er að skoða nánari útfærslu á forðageymslum utandyra. Í dag eru þær afmarkaðar með gámastæðum en eru opnar fyrir veðri og vindum. Ekki var þó að greina neina uppsöfnun foks við lóðarmörk eða á plani og frágangur var snýrtilegur.

Rekstraraðili sendi nýtt afrit af tryggingu v. mengunar hafs og stranda með tölvupósti þann 6. sept sl.en eldra afriti hafði verið skilað áður.

Rætt var um stöðuna á lóðarmálinu frá því í fyrri skýrslu. Skv. gr. 2.6 í starfsleyfi ber að takmarka aðgang óviðkomandi og geymsla hráefna vera á afmörkuðu svæði. Til stendur að girða lóðina af og varna með því óviðkomandi umferð um svæðið, en ekki hefur verið hægt að hefja þá vinnu þar sem lóðamálin eru ófrágengin hjá sveitarfélaginu. Dregist hefur að leysa það mál en um leið og lóðasamningur liggur fyrir verður svæðið girt af.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð hvað varðar gr. 2.6 í starfsleyfi en geymsla hráefna skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður.

ANNAÐ

Fyrirtækið fékk ISO14001 vottun nú í apríl sl. og verður úttekt aftur nú í viku 39. Áður hafði fyrirtækið fengið ISO9000 gæðastaðalinn, eða árið 2011.

Reykjavík, 12.09.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.